



BJÖRT FRAMTÍÐ

Garðabær, 5. apríl 2018

Fyrirspurn um samstarfssamning Garðabæjar við UMF Stjörnuna.

Í nágildandi samstarfssamningi Garðabæjar við ungmennafélagið Stjörnuna, frá 7. febrúar 2017, er veitt 20 milljónum til sérstaks þróunarverkefnis. Þar er tekið fram að Stjarnan skuli framkvæma reglulega mælinga- og þjónustukönnun á starfsemi félagsins. Jafnframt skuli Stjarnan útfæra þróunarverkefnið nánar og kynna það fyrir ÍTG fyrir lok febrúar. Það er þó ekki tekið fram í samningnum á hvaða ári sú kynning eigi að fara fram. Líklega í febrúar 2017. Einnig skal framkvæmdastjóri Stjörnunnar kynna á 6 mánaða fresti framvindu verkefnisins ásamt því að taka saman greinargerð um árangurinn í lok samningstímans.

Hafa þessar mælingar, kannanir og kynningar sem getið er um í samningnum farið fram? Þær koma hvergi fram í fundargerðum ÍTG. Hver er eftirfylgnin á þessu þróunarverkefni? Ég óska líka eftir frekari skilgreiningu eða innihaldslýsingu á þróunarverkefninu og í hverju það felst.

Einnig væri fróðlegt að vita hvernig þessi samningur var saminn á sínum tíma. Var textinn saminn í sameiningu af báðum aðilum eða sáu bæjaryfirvöld að mestu leyti um útfærsluna?

Nú hefur mikið verið rætt um skort á systkynaafslætti á æfingagjöldum Stjörnunnar. Þegar nágildandi samningur rennur út í lok þessa árs, sjá bæjaryfirvöld fyrir sér að setja þar inn ákvæði sem skyldar Stjörnuna til að veita slíka afslætti?

Virðingarfyllst,

Guðrún Elín Herbertsdóttir
Bæjarfulltrúi